
F U N D A R G E R Þ

Fundur:	Raforkuhópur 2006-05
Fundartími:	Þriðjudagur 6. júní 2006 kl. 13:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Raforkunotkun á fyrstu þremur mánuðum ársins. 2) Aflþörf raforkukerfisins 2005. 3) Forsendur endurreiknings raforkuspá. 4) Endurreikningur raforkuspár, framsetning. 5) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Sigurður Ágústsson Agnar Árnason Ívar Þorsteinsson Gunnar Aðalsteinsson Pétur E. Þórðarson
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Landsnet:	
Fjarverandi:	Íris Baldursdóttir Ásgeir Sigtryggsson

- 1) JV fór yfir raforkunotkun á fyrstu þremur mánuðum ársins en hann hafði sent fundarmönnum töflurnar fyrir nokkru og þær eru komnar á heimasíðu orkuspárnefndar. Raforkuvinnslan hefur aukist um 2,9% frá sama tíma árið 2005 en flutningstöp hafa minnkað um 5,1%. Stórnotkun hefur aukist um 5,4% en almenn notkun staðið í stað. Ástæða þess að almenn notkun hefur ekki aukist er mikil minnkun í almennri ótryggðri orku vegna þess að loðnuveiði var lítil í vetur og minnkaði ótryggða orkan um 21,1% frá árinu á undan en almenn forgangsorka jókst um 3,7%. Eftir hitastigsleiðréttingu er aukning almennrar forgangsorku 4,0%.
- 2) Ingvar fór yfir töflur um aflþörf sem send var fyrir nokkru til fundarmanna. Hann sagði að í töflum um álag á aðveitustöðvar væru tveimur fleiri stöðvar en skv. tölu Landsnets. GÁ sagði að Nesjavellir væru ekki formleg stöð og afhendingu væri að færast þaðan yfir á Sogið. Einnig eru Sómastaðir ekki formlegur afhendingarstaður. Engar frekari athugasemdir komu við skjalið.

- 3) Farið var yfir forsendur endurreiknings. JV sagði að hækka þyrfti landsframleiðslu til lengri tíma þar sem Fjármálaráðuneytið miðaði nú við að jafnvæghagvöxtur væri 2,6-2,7%/ári. SÁ benti á að verksmiðjur til að tappa vatni á flöskur væru að rísa út um allt land svo sem í Þorlákshöf, á Rifi, Patreksfirði og á Hvammstanga. PEP sagði að á Rifi hefði veri nefnt að um væri að ræða 4-5 MW notkun. AÁ sagði að Folda væri hætt kaupum á ótryggðri orku og notkun hitaveitunnar hefði minnkað mikið samhliða nýjum vinnslusvæðum á heitu vatni en á móti hefði komið einn nýr samningur á ótryggðri orku. Ingvar sagði að notkun væri hætt á ótryggðri orku á Raufarhöfn. JV spurði hvort ekki væri að koma ný bræðsla á Vopnafirði með ótryggðri orku. PEP sagði að allt benti til þess en þó væri það ekki endanlega ákveðið. Rætt var um notkun Varnarliðsins og taldi ÍP að á Keflavíkurflugvelli væru 800 íbúðir. Meta þarf breytinguna í notkuninni út frá íbúðafjölda og fleiru. Samþykkt var að hætta að greina stórnokun niður í forgangsortku og ótryggða orku. ÍP ætlar að kanna hvort það sé í lagi að sýna notkun næstu ára fyrir einstök fyrirtæki í stóriðju.
- 4) JV kom með tillögu um nýja framsetningu á notkun eftir landshlutum þar sem notkun hjá vinnslufyrirtækjum yrði tekin út úr einstökum flokkum (hún er núna undir Veitur) og sett í sér dálk aftan við dreifitöp. Þetta var samþykkt og einnig að flytja afltölu fyrir dreifiveitur strax aftan við dreifitöp. Sýnd var tillaga að framsetningu á viðauka 1 þar sem fram kemur raforkuvinnsla ársins 2005. Vinnslan er greind niður á opinberu fyrirtækin en aðrir aðilar eru teknir saman í enni línu. Einnig er vinnslunni skipt eftir tegund vinnslu. Samþykkt var að birta tölurnar á þennan hátt.
- 5) JV fór fram á að fá að senda skýrslu með endurreikning til fulltrúa í hópnum í tölvupósti til samþykktar þegar skýrslan verður tilbúin og var það samþykkt. Ingvar bað ÍP um að fá númer á skýrsluna.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:00. Næsti fundur ákveðinn 3. október 2006.

Jón Vilhjálmsson

Sýnt var en ekki dreift:

- Töflur um raforkunotkun á 1. ársfjórðungi 2006.
- Töflur um álag 2005.
- Uppkast að skýrslu um endurreikning 2006.